

Aðalfundur VAFRÍ 2019

Haldinn 7. maí 2019 í húsakynnum Mannvits að Urðarhvarfi 6 kl. 12:00-12:30

Brynjólfur Björnsson fundarstjóri setti fundinn og bauð gesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins sem send var út með fundarboði. Í kjölfar hefðbundinna aðalfundarstarfa verða nokkur erindi þar sem fjallað verður um áskoranir sem blasa við vatns- og fráveitum á tímum hnattrænnar hlýnunar og hvernig sjálfbærnishugsun er lausn við vandanum.

Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla formanns
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar
4. Kosning skoðunarmanna til eins árs í senn
5. Ákvörðun á félagsgjöldum.
6. Önnur mál

1. Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið til þess að fara yfir skýrslu stjórnar. Hrund fór yfir skýrslu stjórnar þar sem fram koma helstu atriði í starfi félagsins á síðasta starfsári. Skýrsluna í heild sinni má kynna sér á heimasíðu félagsins.

Engin tók til máls undir liðnum og var skýrsla stjórnar samþykkt.

2. Fundarstjóri gaf gjaldkera stjórnar orðið og fór Írís yfir helst stærðir í reikningum félagsins auk þess sem afriti af reikningum félagsins var dreift á fundinum.
Enginn tók til máls undir þessum lið og voru reikningar félagsins samþykktir einróma.
3. Fundarstjóri gerði grein fyrir núverandi stjórnarsetu og þar með hverjir sitja í stjórn samkvæmt kosningu á síðasta aðalfundi og hverjir ganga úr stjórn samkvæmt lögum félagsins. Anna Heiður Eyðisardóttir gaf kost á sér og var kosin með lófataki.
4. Ákvörðun félagsgjalda. Tillaga er um óbreytt félagsgjöld. Formaður og gjaldkeri notuðu tækifærið til þess að hvetja til þess að félög til þess að virkja félagsaðild fremur en að einstakir starfsmenn séu félagar og þeir síðan rukki vinnuveitanda sinn um gjaldið. Lögð áhersla á að margir starfsmenn félaga geta verið á bak við hverja félagsaðild.

5. Önnur mál

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort einhver vildi taka til máls undir þessum lið. Fyrst tók til máls formaður VAFRÍ og fór yfir áherslu í starfinu og sagði það vera markmið að halda a.m.k. tvo viðburði á ári og það hefði gengið vel. Stefnt er að halda áfram að þessu markmiði og félagar hvattir til þess að koma með hugmyndir að efni fyrir fræðslufundi næsta vetur.

Að loknum aðalfundi fór fram fræðslufundur með eftirfarandi dagskrá.

1. Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærni verkfræðingur hjá Mannviti

Sjálfbærar borgir og samfélög, hlutverk vatns- og fráveitu

Fjóla Jóhannesdóttir, fagstjóri fráveitu hjá Veitum

Áskoranir fráveitu vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum

Sandra og Fjóla fór yfir þær áskoranir og þau tækifæri sem við stöndum frammi fyrir við hönnun hins manngerða samfélags og sýndi nokkur dæmi um það hvernig hægt er að bregðast við í með réttu skipulagi og hönnun mannvirkja. Einnig lögð áhersla á með hvaða hætti vinda þarf ofan af núverandi stöðu með langtímaáætlun við endurgerð innviða, að við þéttingu byggðar séu nýjar lausnir teknar inn og samtvinnuðar við grænar ofanvatnslausnir, breytingar á yfirborði o.s.frv. Miklar breytingar hafa orðið í upplýsingaöflun sem skapa mjög mörg tækifæri til að leita lausna í framtíðar skipulagi og mannvirkjahönnun.

Verulega skortir á opinber viðmið með þeim ramma sem leggja á til grundvallar framtíðar-skipulagi og hönnun manngerða umhverfisins og samspil þess við náttúruna. Bent var á tvær vefsíður

www.bgoreykjavik.com Samantekt upplýsinga um blágrænar ofanvatnslausnir

www.nordiwa.org Ráðstefna í vor.

2. María J. Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands

Áhrif loftslagsbreytinga á vatnsveitur

Alþjóðlegar skuldbindingar

Í júlí 2010 SP - rétturinn til aðgangs að heilnæmu og hreinu vatni, heimsmarkmiðin nr. 6 og 6.1. Endurskoðun á neysluvatnsreglugerð á grunni Evrópu tilskipunar um neysluvatn. Farið í gegnum aðalmarkmiðin, sjá glæru liður 1 – 5. Auka veg kranavatnsins en minnka notkun vatns í plast umbúðum.

Vatnsveitur og vatnsgæði á Íslandi

Farið yfir helstu stærðir í vatnsbúskap Íslendinga um 800 eftirlitsskildar vatnsveitur – um 50 stærri veitur sem þjóna um 90% af íbúum landsins. Breytilegt lagaumhverfi að hluta, lög um vatnsveitur sveitarfélaga og vatnalög. Vatnsgæði almennt góð en mismunandi eftir stærð veitna. Fjallað um örverur í neysluvatni sem sýnir mjög vel mismunandi stöðu vatnsveitna, þær stærri mjög góðum málum en þær sem þjóna færri í mun lakari stöðu.

Loftslagsbreytingar og helstu áhrif á vatn

Helstu ógnir við lýðheilsu skv. áhættugreiningu í Noregi eru: Mengun í dreifikerfi, skriðuföll, flóð, minni vatnsgæði í vatnslindum. Aukning á sjúkdómsvaldandi örverum í vatni. hækkandi hitastig lengir ræktunartímabil – meiri ágangur á land og þar með meiri notkun á varnarefnum þar með meira álag á vatnsverndarsvæði. Tíðari og snarpari úrkoma eykur líka skolun á varnarefnum úr jarðvegi í grunnvatn. Á Íslandi hefur borið á skriðum sem hafa skemmt inntaksmannvirki, t.d á Völlum í Eyjafirði, Árskógssandi og Hauganesi í Eyjafirði. Að lokum var fjallað um mögulegar aðgerðir til að sporna við breytingum

Fundarritari: Baldur Dýrfjörð